

REGLUR

um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála eða málaflokka hjá starfsmönnum Velferðarnefndar Árneshvísi

I

Almennt

1.gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3.mgr.14.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 (bvl).

2.gr.

Starfsmenn Velferðarþjónustu Árneshvísi fara með einstök barnaverndarmál í umboði Velferðarnefndar Árneshvísi, undir stjórn félagsmálastjóra.

Með starfsmönnum er átt við fastráðna starfsmenn Velferðarþjónustu Árneshvísi og sjálfstætt starfandi sérfræðinga er taka að sér verkefni fyrir nefndina. Félagsmálastjóra er heimilt í samráði við formann velferðarnefndar að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu mála eftir því sem rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni. Velferðarnefnd Árneshvísi fer með hlutverk barnaverndarnefndar í eftirtöldum sveitarfélögum: Bláskógabyggð, Flóahreppi, Grímnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Hveragerði, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Ölfusi, sbr. 4.mgr. 10.gr. bvl.

Velferðarnefnd Árneshvísi skal starfa í samræmi við 12. gr. bvl. nr. 80/2002 og sinnir verkefnum sem nefndinni eru falin í lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 og barnalögum nr. 76/2003. Velferðarnefnd kveður upp úrskurði og tekur ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr. Velferðarnefnd tekur ákvörðun um einhliða áætlun um beitingu þvingunar sbr. 23. gr.

II

Vanhæfisreglur

3. gr.

Um vanhæfi starfsmanna og nefndarmanna til meðferðar einstakra mála gilda reglur stjórnssýslulaga nr. 37/1993 þ.e. að starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls :

1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.
2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. Ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.
4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnssýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.
5. Ef málið varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans skv. 2. tölul., næstu yfirmenn persónulega eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir.
6. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

4. gr.

Starfsmaður sem veit um aðstæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli félagsmálastjóra á því. Félagsmálastjóri tekur síðan endanlega ákvörðun um hvort starfsmaður víki sæti. Sé félagsmálastjóri vanhæfur til meðferðar máls gildir hið sama um starfsmenn sem undir hann heyra og skal mál þá unnið undir stjórn hans yfirmanns af þeim sem sá skipar til þess.

Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að halda máli í réttu horfi meðan staðgengill er ekki til staðar sbr. 4. gr. stjórnssýslulaga. Hið sama gildir um félagsmálastjóra.

Nefndarmaður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

III

Um starfsmenn Velferðarþjónustu Árneshvísi

5.gr.

Starfsmenn kanna og fara með barnaverndarmál eða málaflokka í umboði nefndarinnar og í samræmi við reglur þessar sem settar eru í samræmi við ákvæði 14. gr. bvl. Þá getur nefndin að fengnu samþykki sveitastjórna falið starfsmönnum önnur verkefni á sviði barnaverndar.

6.gr.

Starfsmenn skulu leggja mál fyrir nefndina í eftirtöldum tilvikum:

- a) taka ákvörðun um einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða skv. 4.mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.
- b) kveða upp úrskurði samkvæmt barnaverndarlögum.
- c) taka ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr. barnaverndarlaga
- d) setja fram kröfu um sjálfræðissviptingu, sbr. 30. gr. barnaverndarlaga
- e) endurskoða ráðstafanir, skv. 34.. gr. barnaverndarlaga.
- f) taka ákvarðanir um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr. barnaverndarlaga.

Mál skal ætíð lagt fyrir velferðarnefnd með skriflegri greinargerð þar sem fram koma ástæður fyrir íhlutun, atvik máls og annað er máli kann að skipta.

7. gr.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni. Þeir mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir verða vísari í starfa sínum um einkamál manna eða heimilisháttu. Ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða, eftir því sem best þykir á hverjum tíma.

Starfsmenn skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra/forsjáraðila og sýna þeim og öðrum er tengjast máli fyllstu nærgætni og virðingu, er þeir kanna og fara með mál.

Starfsmenn skulu afgreiða mál svo fljótt sem auðið er. Ákvörðun um könnun máls skal að jafnaði tekin inna 7 daga frá því tilkynning berst. Könnun skal að jafnaði lokið innan þriggja mánaða frá því tilkynning berst.

8. gr.

Starfsmönnum ber að skrá mál sem koma til meðferðar á kerfisbundinn hátt og varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sbr. ákvæði 39.gr. bvl og 22. og 23. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996.

IV

Málsmeðferð hjá starfsmönnum

9. gr.

Starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum er varða grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess. Starfsmenn skulu einnig taka á móti tilkynningum um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu.

Skrá skal nákvæmlega efni tilkynninga og annað er máli kann að skipta.

Starfsmenn skulu vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd. Það á þó ekki við ef um er að ræða tilkynnendur skv. 17. og 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 3.mgr. 19.gr. laganna.

Starfsmaður skal taka afstöðu til þess án tafar og eigi síðar en innan 7 daga frá því tilkynning berst um hvort ástæða sé til þess að hefja könnun í málinu. Starfsmaður hefur samráð við félagsmálastjóra ef vafi leikur á hvort mál skuli kannað. Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin, nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Sama gildir þó starfsmaður fái upplýsingar með öðrum hætti en tilkynningu.

Starfsmaður skal tilkynna foreldrum/forsjáraðilum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun í tilefni af henni. Einungis er heimilt að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

10. gr.

Starfsmaður hefur umboð til að framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi barns sbr. 31. gr. barnaverndarlaga en skal hafa samráð við félagsmálastjóra og formann barnaverndarnefndar ef unnt er. Leggja skal málið fyrir velferðarnefnd til staðfestingar án tafar og eigi síðar en innan 14 daga. Að öðrum kosti fellur ákvörðunin úr gildi.

11. gr.

Þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um að aðbúnaði barns sé ábótavant, þannig að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska geti verið hættu búin vegna; vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra/forsjáraðila, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar barnsins skal málið kannað án tafar.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra/forsjáraðila þar sem starfsmaður og forsjáraðili/ar undirrita áætlun um framkvæmd könnunar. Starfsmaður skal afla upplýsinga frá þeim, er um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Aflað skal sem gleggstra upplýsinga um hagi barnsins svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag þess. Að jafnaði skal aflað umsagnar skóla barns eða annarar stofnunar þar sem barn dvelur, heimilisaðstæður kannaðar, rætt við foreldra/forsjáraðila. Þá skal að jafnaði aflað upplýsinga frá heilbrigðisyfirvöldum um heilsufar barnsins.

Ef grunur er um að brotið hafi verið gegn barni á grundvelli alm. hegningarlaga nr. 19/1940, hefur starfsmaður/yfirmaður umboð til að óska eftir lögreglurannsókn.

Könnun máls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni hraðað sem kostur er. Þegar mál hefur verið nægilega kannað skal starfsmaður taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið hverra úrbóta sé þörf og settar fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. Ákvörðun um beitingu úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

Niðurstöður könnunar máls skal leggja fyrir teymisfund sem tekur ákvörðun um hvort talin er ástæða til frekari afskipta.

12. gr.

Leiði könnun í ljós að aðbúnaði barns sé áfátt eða barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni og þörf er á beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, skal starfsmaður, í samvinnu við foreldra/forsjáraðila gera skriflega áætlun um meðferð máls. Hið sama á við um barn sem hefur náð 15 ára aldri. Áætlunin skal miða að því að bæta aðbúnað

eða hegðun barns sem í hlut á. Í áætlun skal koma fram hvaða úrræðum og aðgerðum skal beitt í þeim tilgangi og í áætlun skal jafnframt koma fram hvað foreldrum/forsjáraðilum barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fá. Áætlun skal markaður ákveðinn tími og mál endurskoðað með hliðsjón af því hvort markmiðum hafi verið náð.

Áætlanir og endurskoðun þeirra eru lagðar fyrir teymisfund. Í tilvikum þar sem úrbætur hafa í för með sér veruleg útgjöld skulu tillögur um það lagðar fyrir velferðarnefnd til samþykktar.

Ákvörðun um lokun máls á grundvelli greinargerðar er tekin af teymisfundi.

13. gr.

Ef ekki tekst samvinna um gerð eða framkvæmd áætlunar um beitingu úrræða skal starfsmaður semja einhliða áætlun um framvindu máls og leggja fyrir velferðarnefnd til ákvörðunar sbr. 23. gr. bvl.

Leggja skal mál fyrir velferðarnefnd þegar kveða þarf upp úrskurði og taka ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr.

Mál skal ætíð lagt fyrir velferðarnefnd með skriflegri greinargerð þar sem fram koma ástæður fyrir íhlutun, atvik máls og annað er máli kann að skipta.

Starfsmaður skal afhenda og kynna aðilum máls greinargerðir og önnur gögn málsins með hæfilegum fyrirvara. Starfsmaður getur ákveðið, telji hann það andstætt hagsmunum barns að aðilar fái ekki að svo stöddu að kynna sér innihald tiltekinna gagna þar til velferðarnefnd hefur tekið endanlega ákvörðun þar lútandi.

Starfsmaður skal vekja athygli foreldra/forsjáraðila á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og tjá sig þar munnlega eða skriflega. Einnig ber starfsmanni að vekja athygli viðkomandi á rétti hans til lögmannsaðstoðar og mögulega fjárhagsaðstoð í því skyni sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

14. gr.

Starfsmaður skal án ástæðulausrar tafar og með sannanlegum hætti tilkynna viðkomandi aðilum um bókanir, ákvarðanir og úrskurði velferðarnefndar. Jafnframt skal þá veita hlutaðeigandi aðila leiðbeiningar um kærheimildir, þegar þær eru fyrir hendi, kærufresti og hvert beina skuli kæru.

15. gr.

Félagsmálastjóri skal taka á móti ábendingum um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant sbr. 35. gr. bvl. og kanna mál í samræmi við ákvæði 21. gr. bvl. telji hann tilefni til. Skal hann tilkynna viðkomandi starfsmanni ákvörðun sína og vinnuveitanda hans ef við á. Félagsmálastjóri skal tilkynna um niðurstöður könnunar til starfsmanns og vinnuveitanda hans og setja fram tillögur til úrbóta.

V

Ráðstöfun barns utan heimilis

16. gr.

Áður en barni er ráðstafað utan heimilis skal reyna önnur stuðningsúrræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni.

Liggja þarf fyrir samþykki foreldra/forsjáraðila barns og barns sem náð hefur 15 ára aldri fyrir því að barnið verði vistað utan heimilis eða því ráðstafað í fóstur. Skal samþykkið vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja aðila er votta að foreldrum/forsjáraðila og barni hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum ráðstöfunarinnar. Skorti samþykki foreldra/forsjáraðila og/eða barns 15 ára og eldra skal málið lagt fyrir velferðarnefnd og skal þá barni og/eða talsmanni/lögmanni þess veitt færi á að tjá sig fyrir nefndinni. Hið sama gildir um foreldra/forsjáraðila og/eða lögmenn þeirra.

Starfsmaður skal leita umsagnar kynforeldris sem ekki fer með forsjá barns áður en barni er ráðstafað utan heimilis.

Starfsmaður skal aðstoða og undirbúa foreldra/forsjáraðila og barn undir væntanlega vistun eða fóstur. Skal starfsmaður semja skriflega áætlun um trygga umsjá barnsins. Í áætlun skal

tilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir.

17. gr.

Þegar fyrir liggur samþykki aðila eða úrskurður velferðarnefndar um fóstur barns sendir starfsmaður beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við stofuna. Starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra/forsjáraðila. Enn fremur skal starfsmaður veita fósturforeldrum stuðning og leiðbeiningar meðan á fóstri stendur eftir því sem ástæða þykir til. Starfsmaður skal koma á fósturheimili a.m.k. tvisvar á ári. tvisvar á ári hið minn.

Fósturmál skulu lögð fyrir velferðarnefnd með skriflegri greinargerð þar sem fram koma upplýsingar um hagi og aðstæður væntanlegra fósturforeldra, þarfir og hagsmuni barns og annað sem máli kann að skipta.

Þegar velferðarnefnd hefur samþykkt fóstur barns skal starfsmaður gera skriflegan fóstursamning fyrir hönd nefndarinnar við fósturforeldra. Fóstursamningur skal gerður á þar til gerð eyðublöð og skulu koma fram þau atriði sem getið er í 68. gr. bvl. og annað sem máli kann að skipta. Starfsmaður sendir tilkynningu um gerð fóstursamnings til Barnaverndarstofu og lok fósturs. Starfsmaður tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á.

Starfsmaður hefur frumkvæði að því að koma á samningi um umgengni barns við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Velferðarnefnd úrskurðar um ágreiningsefni er varða umgengni kynforeldra og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd.

18. gr.

Þegar fyrir liggur samþykki aðila eða úrskurður velferðarnefndar fyrir vistun barns á meðferðarheimili sendir starfsmaður umsókn til Barnaverndarstofu. Stofan metur og tekur ákvörðun í samráði við starfsmann nefndarinnar um vistun, þar á meðal hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka.

Ef foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. bvl. ber starfsmanni að finna barni stuðningsfjölskyldu ef vistun er ætlað að vara lengur en tvo mánuði.

Starfsmaður skal gera vistunarsamning og leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun.

19. gr.

Félagsmálastjóri skal vinna ársskýrslu um barnavernd. Ársskýrslan skal send Barnaverndarstofu og kynnt velferðarnefnd á fundi. Þá skal félagsmálastjóri vinna ársfjórðungsskýrslu fyrir nefndina þar sem fram kemur fjöldi barnaverndarmála og staða þeirra í vinnslu.

VI

Umsagnir vegna forsjár- og umgengnismála

20. gr.

Óski innanríkisráðuneyti, dómari eða sýslumaður, þegar við á, eftir umsögn velferðarnefndar áður en forsjár- eða umgengnismáli er ráðið til lykta, skulu starfsmenn annast könnun málsins.

21. gr.

Könnun starfsmanns skal miða að því að upplýsa hvernig högum barns hefur verið háttað, aðstæður og möguleika foreldra/forsjáraðila til að annast barn, tengsl foreldra/forsjáraðila og barns og annað er máli kann að skipta. Eftir því sem ástæða þykir til skal forsaga foreldra/forsjáraðila könnuð.

Starfsmaður skal kanna viðhorf barns eftir því sem það hefur þroska til. Starfsmaður getur aflað álits annarra sérfræðinga á einhverju því er að ofan greinir.

22. gr.

Að lokinni könnun skal starfsmaður gera skriflega greinargerð, þar sem fram kemur framkvæmd könnunar og helstu niðurstöður. Aðilum skal gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd könnunar, greinargerð starfsmanns og önnur gögn málsins.

Þegar greinargerð starfsmanns og athugasemdir aðila liggja fyrir skal málið lagt fyrir velferðarnefnd. Starfsmaður skal vekja athygli aðila á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

23. gr.

Starfsmaður skal á öllum stigum máls leita sátta með aðilum eftir því sem best þykir henta hag og þörfum barns.

Þá skal málið unnið í náninni samvinnu við aðra barnaverndarnefnd ef því er til að dreifa.

24. gr.

Sé óskað umsagnar vegna ættleiðinga eða skv. ákvæðum barnaverndarlaga, svo sem um hæfi verðandi fósturforeldra eða um leyfi til að reka stofnun eða heimili fyrir börn, skal starfsmaður annast könnun málsins. Starfsmaður skal skrifa greinargerð sem lögð er fyrir velferðarnefnd. Afhenda skal aðilum greinargerð og gefa þeim kost á að gera athugasemdir munnlega eða skriflega. Aðilum skal jafnframt boðið að mæta á fund nefndarinnar til að gera frekari grein fyrir aðstæðum sínum eða sjónarmiðum.

VII

Gildistaka

25. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu Velferðarnefndar Árneshvíks.

Samþykkt í velferðarnefnd dags. 14. september 2011.

Samþykkt í sveitarstjórn dags. _____

Kynnt Barnaverndarstofu með bréfi dags _____